

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um Fell í Suðursveit og Jökulsárlón.

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Telur ráðherra koma til greina út frá náttúruverndarsjónarmiðum að ríkið kaupi jörðina Fell í Suðursveit, sem er við Jökulsárlón, eða taki hana eignarnámi og greiði fyrir eignarnámsbætur en útlit er fyrir að jörðin verði boðin upp?
2. Hver er afstaða ráðherra til þeirra hugmyndar að Jökulsárlón verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði?